

Nd.

457. Breytingartillögur

við frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »fullkomin loftskeytatæki« komi: eða firðtalstæki.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Bannað er að nota loftskeytatæki til þess að stuðla að landhelgibrotum, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.
Landssímastjóri skal hafa eftirlit með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.
3. Við 3. gr. Í stað »dómsmálaráðuneytinu« komi: landssímastjóra.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Sérhver loftskeytastöð á landinu skal í lok hvers mánaðar senda landssímastjóra afrit af öllum þeim skeytum, er farið hafa milli hennar og islenzkra veiðiskipa í þeim mánuði.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Nú verður útgerðarstjóri sannur að sök um brot gegn 3. gr., og varðar það sektum frá 1000—10000 krónum, og ábyrgist útgerð skipsins greiðslu, en auk þess skal hver sá, er sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, sæta sektum, allt að 5000 kr. fyrir 1. brot, en allt að 10000 fyrir ítrekað brot.
Gerist skipstjóri sekur um ítrekað brot á þessum fyrirmælum, missir hann rétt til skipstjórnar fyrir fullt og allt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Nú verður útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi sannur að sök um að hafa notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaadförum, og skal hann þá sviptur rétti allt að 3 árum til loftskeytasendinga milli lands og veiðiskips, nema undir eftirliti lögreglustjóra, er ræður þá orðalagi og formi slíkra skeyta.